



Borgarráð

Lífsgæðakjarnar - næstu skref

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela umhverfis og skipulagssviði að hefja skipulagsvinnu og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að hefja viðræður um svæði fyrir lífsgæðakjarna og með því markmiði að skýrar línur um hvert svæði liggja fyrir hið fyrsta.

Eftirfarandi svæði á hendi einkaaðila verði í forgangi, sbr. samþykkt borgarráðs frá 28. september:

- Reitir – vegna Loftleiðareits,
- Köllunarklettur – vegna Köllunarkletts,
- Íþaka – vegna Stórhöfða,
- Þorpið – vegna Ártúnshöfða 2,
- Klasi hf. – vegna Ártúnshöfða 1, norður Mjódd og Álfheima

Jafnframt er lagt til að borgarráð samþykki að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að meta tækifæri, raunhæfni og undirbúa auglýsingar á eftirfarandi reitum í eigu borgarinnar, í samráði við umhverfis- og skipulagssvið og kalla eftir samstarfsaðilum, þar með talið einstaklingum eða hópum eldra fólks í viðkomandi hverfum sem kunna að hafa áhuga á að koma að mótun viðkomandi svæða:

- Leirtjörn við Úlfarsárdal, þar sem fyrir liggja viljayfirlýsingar við Samtök aldraðra og Leigufélag aldraðra
- Fossvogsspítali
- Rangársel Suðurhólar
- Ártúnsholt
- Landsímareitur í Grafarvogi

Þá eru hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um yfirsýn yfir skipulagsvinnu og samninga lífsgæðakjarna lagt fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf – Starfshópur um yfirsýn yfir skipulagsvinnu og samninga lífsgæðakjarna

ERINDISBRÉF

Starfshópur um skipulagsvinnu og samninga vegna lífsgæðakjarna

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri

Inngangur:

Þann 24. apríl 2023 samþykkti borgarráð að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að auglýsa eftir samstarfsaðilum og hugmyndum vegna þróunar lífsgæðakjarna fyrir eldri borgara í Reykjavík.

Með lífsgæðakjarna er átt við húsnæðisuppbyggingu fyrir aldraða sem er með fjölbreytt framboð af þjónustu í nærumhverfinu. Niðurstöður auglýsingarinnar verða nýttar við að móta umgjörð um auglýsingu á lóðum borgarinnar undir slík verkefni.

Eftirfarandi svæði á hendi einkaaðila verði í forgangi, sbr. samþykkt borgarráðs frá 28. september:

- Reitir – vegna Loftleiðareits,
- Köllunarklettur – vegna Köllunarkletts,
- Íþaka – vegna Stórhöfða,
- Þorpið – vegna Ártúnshöfða 2,
- Klasi hf. – vegna Ártúnshöfða 1, norður Mjódd og Álfheima

Jafnframt er lagt til að borgarráð samþykki að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að meta tækifæri, raunhæfni og undirbúa auglýsingar á eftirfarandi reitum í eigu borgarinnar, í samráði við umhverfis- og skipulagssvið og kalla eftir samstarfsaðilum, þar með talið einstaklingum eða hópum eldra fólks í viðkomandi hverfum sem kunna að hafa áhuga á að koma að mótun viðkomandi svæða: Leirtjörn við Úlfarsárdal, þar sem fyrir liggja viljayfirlýsingar við Samtök aldraðra og Leigufélag aldraðra

- Fossvogsspítali
- Rangársel
- Suðurrhólar
- Ártúnsholt
- Landsímareitur í Grafarvogi

Hlutverk:

Hópurinn hefur það hlutverk að hafa yfirsýn yfir skipulagsvinnu og samninga vegna lífsgæðakjarna á vegum Reykjavíkurborgar. Samráð verði haft við viðræðuhóp borgarinnar um hjúkrunarheimili og heilbrigðisráðuneytið varðandi hugsanlega staðsetningu hjúkrunarheimila á viðkomandi reitum.

Helstu verkefni:

Leggja fram skipulagssýn byggð á greiningu á nærliggjandi hverfum í aðdraganda samninga um viðkomandi svæði. Í því felst meðal annars að setja fram sýn um stærð og umfang, fjölda íbúða, félagslega blöndun og hugsanlega blöndun ólíkra aldurshópa og uppbyggingaraðila, þmt óhagnaðardröfn byggingarfélög.

Tímasetja væntanlega uppbyggingu með hliðsjón af skipulagi og uppbyggingu nauðsynlegra innviða, svo sem Borgarlínu.

Móta sýn og frekari samningsmarkmið um einstaka reiti á grundvelli ofangreindrar greiningar.

Kalla eftir áhugasömu eldra fólki í viðkomandi hverfum í samvinnu við framtíðar samstarfsaðila um uppbygginguna.

Starfshópurinn skipa:

Umhverfis- og skipulagssviðs, formaður
Umhverfis- og skipulagssvið, borgarhönnun
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, lögfræði
Skrifstofa atvinnuþróunar, húsnæðisáætlun

Starfsmaður starfshópsins:

Starfsmaður hópsins kemur frá umhverfis- og skipulagssviði

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leitar ráðgjafar innan sem utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

Starfshópurinn starfar þar til ofangreindir reitir hafa verið þróaðir og undirbúnir til skipulags og úthlutunar.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri